

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Viðskiptahættir

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðskiptahættir

Prófdagur: 8. maí 2019 Kl.: 16:00 – 20:00

Úrlausnartími: 4 klst. Próflöð: 12 síður, þ.m.t. forsíða

Leyfileg hjálpargögn: Öll gögn leyfð Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs.

Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. hluti. Krossasurningar (vægi 12,5%).

Svaraðu eftirfarandi krossasurningum sem eru 10 talsins. Aðeins skal merkja við einn lið í hverri spurningu. Svörum á að skila í próförk. Allar spurningar veða jafnt (1,25%). Ekki er dregið niður fyrir röng svör.

Spurning 1.

Hvað af eftirfarandi má, út frá sjónarmiðum tæknigreiningar, hafa til merkis um að lítil hækkun sé í farvatninu á næstunni þegar horft er til þróunar á gengi hlutabréfa þýska bílaframleiðandans BMW AG?

- A) Verð hlutabréfa í einum helsta samkeppnisaðila fyrirtækisins, þýska fyrirtækinu Daimler AG, hefur aðeins lækkað að undanfögnu.
- B) Búist er við að fyrirtækið muni á næstunni tilkynna um lækkun greidds arðs á hlut.
- C) Búist er við að fyrirtækið muni á næstunni kynna áætlun um kaup eigin bréfa (e. stock buyback)
- D) Verð á áli sem er mikilvægt hráefni fyrir fyrirtækið hefur lækkað um tæp 20% frá byrjun þessa árs, sem þykir vera til marks um dvínandi spurn eftir áli af hálfu bifreiðaframleiðanda.
- E) Á undanfögnu vikum hefur gengi hlutabréfa fyrirtækisins í tvígang ekki náð að rjúfa 52 vikna hámark.

Spurning 2.

Hvað af eftirtöldu er rétt?

- A) Með faldmeðaltali (e. geometric mean) er áhrifum óvenjulega hárrar/lágrar ársávöxtunar eytt að mestu leyti.
- B) Fjármálafyrirtæki skal samkvæmt lögum hafa umsjón með almennu útboði verðbréfa.
- C) Með "touchline" er átt við síðasta viðskiptaverð á markaði.
- D) Markpöntun (e. limit order) eru alltaf fyllt í lok viðskiptadags.
- E) Svokallað "long squeeze" í hlutabréfi gefur vísbendingu um að verðhækkun geti verið í vændum.

Spurning 3.

Margir tæknilegir mælikvarðar varða annað hvort þróun magns (e. volume) eða verðs (e. price). Hver eftirtalinna mælikvarða varðar verð?

- A) Hlutfall söluréttá á móti kaupréttum (e. put/call ratio).
- B) Veifa/fáni (e. pennant).
- C) Hækkun lækkun magn (e. up/down volume).
- D) Meðalviðskiptamagn (e. average daily volume).
- E) Hækkun lækkun hlutfall (e. advance decline ratio).

Spurning 4.

Undanþága frá gerð lýsinga er heimil, án skilyrða, þegar?

- A) Verðbréf hafa þegar verið tekin til viðskipta á öðrum skipulegum markaði.
- B) Verðbréf eru boðin í tengslum við yfirtöku.
- C) Hlutum er úthlutað, eða verður úthlutað til núverandi hluthafa, án endurgjalds.
- D) Um ræðir samruna fyrirtækja.
- E) Um ræðir útboð, án töku verðbréfa til viðskipta í tengslum við útboðið, þar sem hver fjárfestir reiðir af hendi a.m.k. 100.000 evrur til kaupa á verðbréfunum í hverju útboði.

Spurning 5.

„Price is what you pay, value is what you get“ (verð er það sem þú greiðir, virði/verðmæti er það sem þú færð) er stundum sagt. Þýðing þess fyrir langtímafjárfesta er m.a. að?

- A) Arðgreiðslur og endurfjárfesting þeirra séu mikilvægar fyrir ávöxtun í framtíðinni.
- B) Hátt núvirt sjóðstreymi sé ávísun á hátt verð hlutabréfanna.
- C) Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að þegar fram vindur kann að koma í ljós að það verð sem upphaflega var greitt fyrir tiltekið hlutabréf hafi ekki (eða muni ekki) endurspeglað það virði/verðmæti sem fólgið er í rekstrinum.
- D) Mikilvægt sé að styðjast ekki einungis við grunngreiningu (e. fundamental analysis)
- E) Gögn sýna að þegar horft er til lengri tíma á hlutabréfamörkuðum þá sé um endurhvarf til meðaltalsins (e. reversion to the mean) að ræða.

Spurning 6.

Þegar reynt er að leggja mat á hversu mikið magn tiltekinna bréfa er hægt að kaupa eða selja án þess að verð hreyfist marktækt er verið að nota hugtakið?

- A) Dýpt.
- B) Sveiflujöfnun.
- C) “External efficiency”.
- D) Ruðningsáhrif.
- E) Skilvirkur markaður.

Spurning 7.

Félagarnir George Soros og Jim Rogers hafa mikinn áhuga á fjárfestingum. George hefur fjárfest reglulega í spænskum hlutabréfum í nokkur ár og hefur gengið upp og ofan. Jim hefur á sama tímabili fjárfest reglulega í indónesískum hlutabréfum og hefur almennt gengið vel, þó að skarpar niðursveiflur hafi komið inn á milli. Indónesíski hlutabréfamarkaðurinn hefur hækkað mun meira en sá spænski þegar horft er frá upphafi til enda tímabilsins og átt fleiri góð ár. Þeir félagar hittust nýverið til að rifja upp gamla og góða daga og bárust fjárfestingar þeirra í tal. Í ljósi þróunarinnar sem lýst hefur verið þá kvaðst Jim geta fullyrt að árleg meðalávöxtun hans, mæld á hefðbundna mælikvarða (faldmeðaltal/margfeldismeðaltal), sé hærri en

hjá George. George sagði að hér þyrfti að hyggja að fleiru áður en hægt væri að kveða upp úr með árangur þeirra. Hefur George eitthvað til síns máls?

- A) Já.
- B) Nei.

Spurning 8.

Hvað af eftirtöldu er líklegast, almennt séð, til að skipta svokallaða áhrifafjárfesta miklu máli við hlutabréfajárfestingar?

- A) Þróun hreyfanlegra meðaltala (e. moving average).
- B) Horfa um verðbólgu á næstunni og áhrifa hennar.
- C) Vægi viðkomandi fyrirtækis í mikilvægri og áhrifaríkri hlutabréfavísitölu.
- D) Möguleikar viðkomandi fyrirtækis til sameininga eða sölu rekstrareininga.
- E) Fjárhagsleg staða eins og hún birtist í veltu-og lausafjárhlutfalli.

Spurning 9.

Hvað af eftirtöldu er rétt?

- A) Dow Jones Industrial Average er óvegin vísitala en S&P 500 Total Return vegin vísitala.
- B) „Buy on the rumour, sell the fact” er viðskiptastefna sem langtímafjárfestar beita oft.
- C) Jeremy Siegel telur markaði vera óskilvirkari en John Bogle og Burton Malkiel.
- D) Fjármálaeftirlitið getur ekki lagt stjórnvaldssektir á aðila sem brjóta gegn ákvæðum laga um verðbréfiðskipti sem fjalla um almennt útboð verðbréfa og lýsingu.
- E) Í frumsölu eru einungis seld óútgefin verðbréf.

Spurning 10.

Hvað af eftirtöldu er rétt er kemur að lýsingum?

- A) Kauphöllin getur veitt undanþágu frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu, ef talið er að birting upplýsinganna yrði skaðleg fyrir útgefandann.
- B) Alltaf skal útbúa samantekt þegar um ræðir lýsingu vegna töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- C) Birta má lýsingu sem eitt skjal.
- D) Óheimilt er að útbúa viðauka við lýsingu þegar útboðstímabil er hafið.
- E) Heimilt er að samantekt sé á öðru tungumáli en frumútgáfa lýsingarinnar.

II. hluti. Efnisspurningar (vægi 87,5%).

Spurning 1. (4,5%).

Runnið hafa tvær grímur á hluthafa í sænska bankanum Swedbank eftir að í ljós kom að bankinn væri flæktur í peningapvætti í gegnum útibú sín í baltnesku löndunum. Allt fram á miðjan febrúar á þessu ári hafði gengi bréfanna verið á bilinu SEK 190-200 en síðan peningapvættismálið kom upp hefur gengið lækkað töluvert og er nú SEK 150. Frá áramótum sker Swedbank sig úr hvað varðar gengisþróun hlutabréfa fyrirtækja í sænsku OMX 30 hlutabréfavísitölunni en gengi bréfa félagsins hefur lækkað um 20%.

Jussi Bjorling keypti bréf í félaginu fyrir 10 árum þegar allt lék á reiðiskjálfi í alþjóðlegu fjármálakreppunni. Kaupverðið var SEK 70. Þó að Jussi telji að ástandið muni smátt og smátt lagast vill hann vera viðbúinn ef enn skyldi syrt í álinn. Hann einsetur sér að við þær aðstæður, þ.e. áframhaldandi lækkun, fái hann 100% ávöxtun á upphaflegt kaupverð.

Bjorn Borg skortseldi bréf í félaginu á genginu SEK 200 og stefndi að því að hagnast á enn einni sveiflunni úr SEK 200 í SEK 190. Hafandi þróað með sér einhvers konar sjötta skilningarvit í vinnunni á sínum tíma þá bætti hann í skortstöðuna á SEK 190 og skortseldi sama fjölda hluta og hann hafði skortselt á SEK 200. Eins og mál hafa þróast er Bjorn ánægður og hann telur að enn geti hagur hans vænkast. Hann vill þó hafa vaðið fyrir neðan sig ef gengið tæki að hækka og færi í hækkunarfasa og tryggja sér SEK 30 hagnað af skortsölunni í heild sinni.

Michael Persbrandt er áhugamaður um tæknigreiningu og hefur fylgst af áhuga með lækkunum undanfarinna vikna. Eins og mál hafa skipast sýnist honum að gengi bréfanna hafi rofið tæknilegan stuðning (e. support) í SEK 155 sem í sjálfu sér gefi tilefni til að ætla að frekari lækkanir séu í farvatninu. Honum finnst lækkunin að undanfögnu aftur á móti hafa verið fullbrött og velta lítil sem geri lækkunina ótrúverðugri en ella. Gengið geti allt eins hækkað. Hann ætlar því sjá hvort að (fyrrum) stuðningur sem hann telur nú vera orðinn viðnám (e. resistance) haldi. Vinnureglan hjá honum þegar um ræðir viðnám er að kaupa þegar verð er allt að 2% yfir viðnámsverði.

Ingemar Stenmark keypti bréf í félaginu þegar gengið var SEK 175. Hann hefur ekki farið vel af stað og vinur hans ráðleggur honum að takmarka tap við SEK 40 ef gengið skyldi halda áfram að lækka.

Jan Gillou, sem á ekki hlutabréf í félaginu, er á báðum áttum og getur bæði hugsað sér að kaupa eða skortselja bréf. Hann telur vera mikilvægan stuðning (e. support) í 10% lægra verði frá núverandi verði og mun það ráða því hvað hann gerir.

Útskýrðu bæði í texta og á mynd til hvaða ráðstafana/pantana Jussi, Bjorn, Michael og Ingemar muni grípa skv. þessu (gert er ráð fyrir að allir ofangreindir aðilar grípi nú til ráðstafana, eins og efni standa til). Útskýrðu jafnframt í texta með hvaða hætti Jan geti nýtt sér þann tæknilega mælikvarða sem hann telur stuðninginn/stuðningsverðið vera.

Spurning 2. (4,5%).

Hlutabréfaverð í malasíska súkkulaðiframleiðandum Guan Chong Bhd. hefur tvöfaldast síðan í fyrrahaust. Gengið fór úr MYR 2 í MYR 4 en hefur aðeins lækkað undanfarna daga og er nú MYR 3,90.

Michelle Yeoh keypti bréf í fyrirtækinu við upphaf uppsveiflunnar (MYR 2) og hefur áhyggjur af því að hluti af hinni snöggu og miklu hækkun gangi tilbaka. Hún ætlar að eiga bréfin áfram en vill verja sig fyrir slíkri þróun og tryggja sér 1,6 földun á kaupverði bréfanna.

Lee Chong Wei hefur ekki riðið feitum hesti frá viðskiptum sínum með hlutabréf í Guan Chong. Um mitt sumar í fyrra skortseldi hann bréf í félaginu á genginu MYR 2,80 og var kampakátur framan af á meðan gengið lækkaði fram á haust. Svo snerist staðan skyndilega við og eins og mál hafa þróast er hann kominn í mikið tap. Nú hefur honum verið ráðlegt að setja tap-sölumörk til að lágmarka frekara tap ef verðið skyldi hækka enn frekar. Lee ákveður tap-sölumörkin 10% (frá núverandi verði).

Nichol David er að velta fyrir sér kaupum eða skortsölu en hún horfir eingöngu til tæknilegra mælikvarða. Hún telur vera viðnám í MYR 4,10 og stuðning í MYR 3,75.

Jimmy Choo á bréf í félaginu sem hann keypti í þann mund sem hin kröftuga hækkun hófst. Hann er frekar þeirrar skoðunar að hækkanir geti haldið áfram, þrátt fyrir örlitla lækkun undanfarna daga. Stefna hans er því að halda bréfunum en hafa samt varann á, í ljósi snögggra og mikilla hækkana, og selja ef bakslag skyldi koma í hækkanir. Í því sambandi miðar hann við 2,5%.

Útskýrðu bæði í texta og með mynd til hvaða ráðstafana ofangreindir aðilar grípa (gert er ráð fyrir að allir ofangreindir aðilar grípi nú til ráðstafana, eins og efni standa til).

Spurning 3. (14,5%).

Nýlega var tilkynnt að forstjóri bandaríska fyrirtækisins Kraft Heinz Group Inc. myndi láta af störfum í lok júní en fyrirtækið hefur ratað í töluverðar rekstrarlegar ógöngur. Kraft Heinz er fimmta stærsta fyrirtæki í heimi í framleiðslu á mat og drykkjarvörum. Saga fyrirtækisins nær allt aftur til ársins 1869 en fyrirtækið varð til í núverandi mynd árið 2015 þegar Kraft Foods og Heinz sameinuðust. Stærstu hluthafar fyrirtækisins eru Berkshire Hathaway (26,7%) og 3G Global Food Holdings (22,1%). 3G er fjárfestingarfélag undir stjórn Jorge Paulo sem hefur hingað til þótt eins konar Pele á viðskiptasviðinu, ekki síst er varðar að auka arðsemi rekstrar með áherslu á lækkun kostnaðar.

Framleiðsluvörum fyrirtækisins er skipt upp í nokkra vöruflokka og eru stærstu flokkarnir eftirfarandi:

- Sósar og bragðefni
- Mjólkurvörur
- Tilbúnaðar vörur/pakkavörur
- Kaffi og safar

Fyrirtækið hefur yfir að ráða átta risavörumerkjum, þ.e. vörumerki þar sem sala er einn milljarður dollara eða hærri, og fjölda annarra vörumerkja sem velta hvert um sig nokkuð hundruð milljónum dollara. Sterkasta vígi Kraft Heinz er Bandaríkin en tæp 70% af veltu fyrirtækisins kemur þaðan. Hlutar Evrópu og Kanada er 15%. Umsvif fyrirtækisins á nýmörkuðum (e. emerging markets) hafa ekki verið mikil en fyrirtækið ætlar að sækja þar fram af krafti á næstu árum, enda býr þar mikill fjöldi framtíðarneytenda, og efnahagsþróun er eftir atvikum hröð. Stærsti viðskiptavinur fyrirtækisins í Bandaríkjunum er Wal-Mart en viðskiptin eru um 20% af sölu Kraft Heinz á bandaríska markaðinum. Starfsmenn Kraft Heinz eru í 45 löndum og vörur þessu eru seldar í 190 löndum. Eins og hjá mörgum samkeppnisaðilum Kraft Heinz er mikil áhersla í rekstri á að styrkja samkeppnisstöðu lykilvörumerkja, á hagræðingu í rekstri og vöxt með frekari sameiningum og/eða kaupum. Fyrst eftir samrunann árið gekk þokkalega að lækka kostnað og auka með því arðsemi fyrirtækisins en gagnrýnisraddir hafa sagt að ekki hafi verið nægjanleg áhersla á markaðssókn og aukningu tekna. Þrátt fyrir sterk vörumerki hefur fyrirtækið þurft að takast á við breytingar á markaði þar sem neytendur leita í auknum mæli að lífrænum vörum og vörum sem ekki eru framleiddar í jafnstórum stíl og hin svokölluðu “stóru og sterku” vörumerki. Í febrúar 2017 gerði fyrirtækið yfirtökutilboð í bresk/hollenska risann Unilever en fallið var frá tilboðinu tveimur dögum seinna þar sem Unilevermenn túlkuðu tilboðið sem fjandsamlegt. Af hálfu Kraft Heinz hafði tilboðið verið vinsamlegt enda var enginn vilji til að setja fram tilboð sem myndi falla í grýttan jarðveg hjá stjórnendum og stjórn Unilever. Hlutabréf í báðum fyrirtækjunum hækkuðu nokkuð á þessum dögum, reyndar gífurlega mikið í tilviki Unilever enda var yfirtökuverðið langt yfir gengi hlutabréfa Unilever á þessum tíma. Um haustið 2018 hafði gengi hlutabréfa í Kraft Heinz lækkað um 40% eftir “febrúarfjörð” ef svo má að orði komast. Þá töldu sumir að gott virði væri í hlutabréfum fyrirtækisins þó að áhugi á félaginu og bréfum þess væri miklu minni en þegar hlutabréfaverðið var hærra. En sjaldan er ein báran stök og í upphafi þess árs þurfti að færa hressilega niður bókfært virði nokkurra vörumerkja. Í kjölfar tilkynningar um niðurfærslu/afskrift lækkaði hlutabréfaverðið um 30%. Jafnframt var tilkynnt að arðgreiðslur yrðu lækkaðar en arðgreiðsluhlutfalli er þó enn hátt. Þó að lítill hluti bréfa félagsins sé skortseldur er það hærra hlutfall en venja er í félögum af þessum toga. Þegar gengisþróun hlutabréfa í Kraft Heinz undanfarin þrjú ár er borin saman við almenna hlutabréfavísitölu (S&P 500) og vísitölu fyrirtækja í greininni (S&P vísitala neytendavörufyrirtækja) hefur hluthöfum í Kraft Heinz farnast miklu verr; heildarávöxtun hluthafa (e. Total Shareholder Return – TSR) verið mun lægri. Nú sem aldrei fyrr er unnið að breytingum í rekstri í því augnamiði að auka arðsemi rekstrarins sem ætti að geta skilað hluthöfum ávinningi þegar fram í sækir. Nýráðinn forstjóri hefur öflugan markaðslegan bakgrunn sem þykir mikil styrkur á tímum mikilla breytinga á markaði, en fyrirtækið telur sig þrátt fyrir allt vera ágætlega í stakk búið til að mæta þeim breytingum. Jafnframt þykir fyrirséð að á næstu árum verði mikil uppstökkun í greininni þar sem fyrirtæki muni kaupa/selja rekstrareiningar og frekari sameininga sé að vænta.

Gerið grein fyrir mismunandi fjárfestingarstílum, meðal annars með ofangreinda lýsingu í huga og dæmum úr henni.

Spurning 4. (4,5%).

Undanfarin ár hefur Paul Polman forstjóri Unilever neytendavörurísans allt fram til 1. janúar 2019 orðið einskonar holdgervingur samfélagslegrar ábyrgðar í rekstri. Árið

2010 var sérstakri áætlun hleypt af stokkunum hjá Unilever* – Sustainable Living Plan – sem innheldur 50 markmið er varða hin ýmsu svið samfélagsins.

Gerið grein fyrir samfélagslega ábyrgum fjárfestingum (Socially responsible investing, SRI) og viðfangsefnum áhugamanna um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar. Nefnið jafnframt dæmi þar sem Unilever gæti hagað sér með samfélagslega ábyrgum hætti í eigin rekstri.

*Vörumerki fyrirtækisins eru 400 talsins og fjöldi viðskiptavina er yfir 2 milljarðar manna í 200 löndum. Stærstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru matvæli (e. food and drink), ummönnunarvörur (e. personal care) og hreinlætisvörur (e. home care).

Spurning 5. (4%).

Gengi hlutabréfa í bandaríska snyrtivöruframleiðandanum Coty Inc. (Calvin Klein, Gucci, Chloé, COVERGIRL, CLARIOL o.fl.) hefur hækkað um 70% frá því í byrjun ársins. Á árunum 2016-2018 hafði gengið aftur á móti lækkað mikið. Stærsti hluthafi fyrirtækisins er eignarhaldsfélagið JAB Cosmetics sem er í eigu mjög öflugs og stöndugs þýsks fjárfestingarfélags JAB Holding Company. Eignarhlutur JAB Cosmetics í Coty er 40%. Meðal annarra stórra hluthafa eru stóru sjóðastýringarfyrirtækin Fidelity, Vanguard og Franklin Resources sem eiga hvert um sig um 6% hlut. Há skortstaða er í bréfum Coty eða um 24% af flotinu (hlutur JAB Investments er dreginn frá við flotútreikning). Skortstaðan hefur sveiflast á milli 20-25% á undanförunum mánuðum. Fyrir nokkrum vikum lagði fyrirtæki í eigu JAB Holding fram tilboð til allra hluthafa (ath. JBS Cosmetics mun halda sínum hlut) um að kaupa 150 milljónir bréfa í fyrirtækinu á genginu \$11,65. Þegar tilboðið var lagt fram var gengi bréfa félagsins um \$7 en gengið hækkaði strax í rúmlega \$11 í kjölfar tilkynningarinnar og hefur haldist þar síðan. Útistandandi hlutir í félaginu eru 750 milljónir bréfa. Tilboðið rennur út á næstu dögum og kemur niðurstaða þess þá í ljós, þ.e. hversu margir muni taka tilboðinu.

Með ofangreint í huga ræðið almennt þær áskoranir sem skortsalar standa frammi fyrir í framangreindu dæmi og hættuna sem skortsala (e. short sale) getur haft í för með sér almennt.

Spurning 6.A. (6%).

Ræðið með almennum hætti (mismunandi) söluaðferðir í almennum útboðum og ólík sjónarmið í því sambandi (umfjöllunin á að taka mið af útboðum þar sem gefið er út nýtt hlutafé og útboðum þar sem ekki er gefið út nýtt hlutafé).

Spurning 6.B. (1,5%).

Fyrir nokkrum vikum sendu Heimavellir hf. erindi til Kauphallar með beiðni um að hlutabréf fyrirtækisins yrðu afskráð. Frá skráningu félagsins í fyrravor hafði verðþróun hlutabréfa fyrirtækisins verið óhagstæð, eins og það var orðað, en gengi hafði lækkað nokkur frá útboðsgengi og lítil viðskipti þóttu vera með hlutabréf félagsins. Jafnframt þótti ekki nægjanleg breidd í hlutabréfahóp fyrirtækisins einkum er varðaði stofnanafjárfesta, t.d. lífeyrissjóði.

Ræðið með hvaða hætti megi almennt stuðla að góðum markaði/eftirmaaði með hlutabréf í kjölfar útboða, m.a. í ljósi framangreindrar lýsingar.


Spurning 7. (7%).

Eftirfarandi er gengisþróun hlutabréfa í bandaríska drykkjarvöruframleiðandanum Coca-Cola Inc. undanfarin sjö ár. Hvaða tæknilegu vísbendingar má sjá á eftirfarandi mynd? (Útskýrið í texta og sýnið jafnframt á mynd). Neðsta talan á hægri ásnum er 36 dollarar og svo hækkar kvarðinn um tvo dollara. Á lóðréttu ásnum eru árin, þar sem fyrsta árið er 2012.



Spurning 8. (3,5%).

Að neðan má sjá þróun síðustu sjö ára á gengi kauphallarsjóðs (e. ETF) sem fjárfestir í víetnömskum hlutabréfum. Á myndinni eru jafnframt línur sem sýna 50 (rauð lína) og 200 daga (gul lína) hreyfanlegt meðaltal (e. simple moving average).



Ræðið þau merki (e. bullish/bearish) sem hreyfanlegu meðaltölin gefa og hvernig fjárfesti hefði reitt af í því sambandi. Eru aðrar tæknilegar vísbendingar sem hægt hefði verið að styðjast við?

Spurning 9. (9%).

Að neðan er tvær töflur sem sýna annars vegar stærð flokka ríkisverðbréfa og og eigendur þeirra og hins vegar stærð flokka íbúðabréfa og eigendur þeirra (tölur í lok mars síðastliðinn fyrir ríkisverðbréfin en í lok febrúar fyrir íbúðabréfin).

Nafnverð í m.kr.	RIKB 20	RIKB 22	RIKB 25	RIKB 28	RIKB 31	RIKS 21	RIKS 26	RIKS 30	RIKS 33	Alls	Vixlar alls
Innlendir aðilar											
Bankar og sparisjóðir	8.432	8.519	4.296	3.245	2.263	1.208	1.519	1.069	109	30.659	0
Ýmis lánaðfyrirtæki	9.552	2.404	0	0	0	15.192	3.700	11.900	12.590	55.337	3.500
Verðbréfa- og fj.sjóðir	20.555	13.858	8.720	4.868	3.839	17.817	5.032	12.265	4.900	91.855	390
Lífeyrissjóðir	17.325	28.669	47.848	31.121	49.565	16.192	2.247	46.739	10.938	250.642	0
Fyrirtæki	9.280	4.880	6.375	2.594	4.762	4.744	2.538	1.195	1.056	37.422	0
Einstaklingar	1.702	1.567	1.082	280	122	4.352	414	659	1.724	11.902	20
Aðrir	4.725	5.171	2.833	645	963	2.524	493	1.344	802	19.500	1.930
Erlendir aðilar	4.766	15.932	20.559	12.854	33.377	388	0	2	2.032	89.910	0
Samtals	76.336	80.999	91.712	55.607	94.891	62.417	15.943	75.172	34.152	587.229	5.840

Eigendur íbúðabréfa 28.02.2019	HFF24	HFF34	HFF44
Bankar og sparisjóðir	0,4%	0,1%	0,0%
Einstaklingar	4,7%	1,2%	0,6%
Erlendir aðilar	0,8%	0,6%	0,3%
Önnur fyrirtæki	5,6%	2,9%	1,0%
Lánaðfyrirtæki	3,7%	3,5%	2,2%
Lífeyrissjóðir	60,6%	79,1%	89,9%
Tryggingafélög	3,6%	1,7%	1,0%
Verðbr.- og fjárf.sjóðir	19,2%	10,3%	3,9%
Aðrir	1,4%	0,7%	1,0%
Nafnverð	160,4	171,7	269,5

(Heildarmarkaðsverð HFF24 er 110 milljarðar króna, HFF34 er 260 milljarðar króna og HFF44 er 560 milljarðar króna).

Ræðið almennt hvaða áhrif flot, stærð og dreifing verðbréfaflokks, viðskiptavakar (e. market makers) og stöðutakar (e. traders, dealers) hafa á verðmyndun og seljanleika verðbréfa. Ræðir jafnframt stuttlega mismunandi aðstæður/afstöðu skuldabréfasjóða og lífeyrissjóða sem fjárfesta í þessu sambandi. Styddu svar þitt með dæmum, m.a. úr ofangreindum töflum. Gættu samræmis í svari þannig að innbyrðis samband þeirra þátta sem fjallað er um sé ljóst.

Spurning 10. (4,5%).

Grant Reid og félagar hans hjá Mars Inc. eru að velta fyrir sér að fara í almennt útboð hlutabréfa og skrá fyrirtækið á hlutabréfamarkað. Kunningi hans frá Bjargi í Miðfirði, Grettir Ásmundarson, starfar á fjármálamarkaði. Grant gerir sér ferð til Íslands til að leita ráða hjá Gretti. Þeir hittast á góðviðrisdegi í Drangey og meðal þess sem Grettir ráðleggur Grant er að láta framkvæma áreiðanleikakönnun (e. due diligence). Grant

spyr Gretti um hvað ræði og hver sé nytsemi slíks fyrir fjárfesta og útgefendur. Setjið ykkur í spor Grettis og ræðið spurningu og pælingar Grants.

Spurning 11. (24%).

Útskýrðu og fjallaðu um eftirfarandi hugtök eða efnisatriði og eftir atvikum hvað þau þýða fyrir fjárfesta/markaðsaðila (styddu með dæmum þar sem við á). Hver liður gildir 3%.

- A. Hlutfallslegur styrkur (e. relative strength) og „relative strength index“ (e. RSI).
- B. Tæknigreining (e. technical analysis) og grunnþáttagreining (e. fundamental analysis) og mismunandi afstöðu til markaðarins sem býr að baki.
- C. „Internal efficiency“ og „external efficiency“ þegar um ræðir verðbréfamarkaði.
- D. Hlutverk miðlara (e. brokers) og kaupmanns (e. dealer/trader) á markaði/eftirmörkuðum.
- E. „Buy on the rumour, sell the fact“ og „Sell on the rumour, buy the fact “ (Að fara út storminn).
- F. „Market impact“ og dýpt á markaði.
- G. Högnun (e. arbitrage) og ólíkar tegundir högnunar.
- H. Grunnþáttavegnar vísitölur (e. "fundamental indexing") og hvaða rök/sjónarmið liggja að baki.